



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 132/1518
komudagur 3.4.2006

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
105 Reykjavík

Kópavogi, 29.03.2006
Tilv. 023
HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguminjar, 239. mál.

Siglingastofnun Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna hvernig tryggja megi betur en nú er skráningu og vernd samgönguminja og undirbúa gerð samgönguminjaáætlunar.

Siglingastofnun vill nota þetta tækifæri og rifja upp að fyrstu reglubundnu samgöngur milli Íslands og annarra landa fóru fram sjóleiðina með póstskipum. Reglubundnar samgöngur innanlands fóru einnig fram sjóleiðina er áætlunarsiglingar með vörur og fólk hófust milli landshluta á síðari hluta 19. aldar og tengdu landið smám saman í eitt samfellt atvinnu- og hagsvæði. Mikilvægt er að skrásetja og varðveita minjar um upphaf og þróun nútímalegra samgangna á Íslandi sem hófust með framangreindum hætti enda er þar að um að ræða mikilvægan þátt í þróun hins fábreytta bændasamfélags til verkaskiptingar, þéttbýlismyndunar og nútímalegra atvinnu- og lifnaðarháttá. Minjar um siglingar og sjóferðir í samgönguskyni hljóta að skipa þar verðugan sess.

Hér á eftir eru nefndir nokkrir flokkar minja og heimilda sem tengjast samgöngum Íslendinga á sjó og sem áriðandi er að skrásetja og vernda með skipulegum hætti. Sumt af því sem fyllir þennan flokk er nú þegar skráð á söfnum, s.s. leiðsögubækur og kort, en æskilegt væri að bæta þeim skráningum við gagnabanka um samgönguminjar ef safnað verður í slíkan upplýsingabrunn.

Prentaðar heimildir

Sjókort
Leiðsögubækur

Minjar


Innsiglingarmerki og leiðbeiningarmerki, mið og kennileiti
Lendingarstaðir á viðkomustöðum strandferðaskipa og flóabáta
Vitabyggingar
Hafnir / hafnahlutar

Siglingastofnun álitur mikilvægt að skrásetja sem nákvæmast viðkomustaði strandferðaskipa og flóabáta sem um margra áratuga skeið voru helstu samgöngu- og flutningatæki landsmanna áður en flugsamgöngur og samgöngur á landi tóku við um miðja síðustu öld enda voru skipaferðirnar lífæð byggðarlaganna þar til þau komust í vegarsamband og lengi eftir að vegasamband komst á voru skip og bátar mikilvæg flutningatæki innanlands, ekki síst í hinum afskekktari byggðarlögum. Væri einkar æskilegt að kortleggja þetta samgöngukerfi og lýsa því þannig að vitneskja um það varðveitist.

Í ljósi sívaxandi ferðamennsku og atvinnutækifæra sem af því skapast er hugsanlegt að ákveðið verði að varðveita hafnarhluta í óbreyttri mynd sem heimild um mannvirki / umhverfi á tilteknum tíma og til að varðveita og miðla vitneskju um horfna hætti, e.k. safnasvæði innan hafnar. Gæti þetta t.d. gerst í samvinnu við byggðarsöfn og / eða aðra aðila sem starfa að minjavernd og miðlun menningarefnis. Samræmd skráning samgönguminja á landsvísu myndi auðvelda ákvarðanatöku um slík verkefni og önnur er lúta að vernd minja og miðlun fróðleiks á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst,

F.h. Siglingastofnunar Íslands,



Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri